

**Nr. 22-096 S 061 Ljósafell SU 70*****Skipverji slasast við störf í lest***

Skipaskr.nr. 1277  
IMO; 7311965  
Smíðaður: Narasaki Shipyard, Japan 1973, stál  
Útgerð: Loðnuvinnslan hf., Fáskrúðsfirði  
Stærð: 844 BT  
Mesta lengd: 55.9 Skráð lengd: 51.53  
Breidd: 9.5 Dýpt: 6.5  
Vél: Niigata 1691 kW  
Fjöldi skipverja: 15

**Gögn:**

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 17. mars 2023 af Geirþúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

**Atvikalýsing:**

Ljósafell var á veiðum á Austfjarðamiðum þann 22. október 2022. Veður: S 4 m/s ölduhæð 1,5 metri.

Skipverji var við störf í lest. Hann stóð ofan í kari og rann til í krpa með þeim afleiðingum að hann meiddist á hné og varð óvinnufær.

**Við rannsókn kom eftirfarandi fram:**

- Skipverjinn var að stíga úr næst neðsta kari niður í fiskikarið fyrir neðan. Hann steig ekki á brún karsins heldur beint ofan í það.
- Í karinu var u.þ.b. fimm cm lag af krpa.
- Skipverjinn rann til með þeim afleiðingum að hnéð skaddaðist og varð hann óvinnufær um nokkurt skeið.
- Körin sem verið var að nota voru 440 lítra.
- Öryggisnefnd og öryggisstjórnunarkerfi eru til staðar um borð.
- Áhöfnin hefur verið að prófa sig áfram með mismunandi tegundir af stígvélum og er meðvituð um að fiskikör geta verið hál.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar. Svipað atvik kom upp í máli Nr. 22-003 S 003